



# Héraðsskjalasafn Árneseinga

Austurvegi 2 · 800 Selfoss · Sími 482 1259 · Kennitala 630189-2849

## Ársskýrsla 2008



*Skemmdir á skjalaskápum safnsins kannaðar eftir jarðskjálftann 29. maí 2008.  
F.v. Björn Pálsson, Bjarni Þórðarson fjármálastjóri Þjóðskjalasafns og Ólafur  
Ásgeirsson þjóðskjalvörður. Ljósmynd Eiríkur Guðmundsson.*

Björn Pálsson tilkynnti stjórninni áætluð starfslok sín sem forstöðumanns í ágústlok 2009. Staðan var auglýst og Þorsteinn Tryggvi Másson sagnfræðingur ráðinn. Hann hóf vinnu sem skjalavörður í 80% stöðuhlutfalli þann 1. október en vinnur einnig við lestur dómabóka vegna óbyggðamála fyrir Þjóðskjalasafn Íslands. Skúli Sæland skjalavörður hætti 15. maí og hafði þá verið í 80% stöðuhlutfalli frá áramótum. Fimm stjórnarfundir voru haldnir, fyrsti 12. febrúar og síðasti 1. október vegna hefðbundinnar afgreiðslu ársskýrslu, ársreiknings, fjárhagsáætlunar o.fl. Hinir þrír í ágúst og september voru vegna ráðningar nýs héraðsskjalavörðar. Stjórn og varastjórn var hin sama og á árinu 2007.

Rekstrartekjur safnsins urðu alls 12.382.323 kr. og rekstrargjöld með stofnbúnaði 11.633.936 kr. en áætlun stjórnar var 11.980.000 kr. Í tekjum voru helstu frávik í 600.000 kr. lægra framlagi Héraðsnefndar en 1.002.323 kr. hærrí öðrum tekjum og í rekstrargjöldum að mestu í 311.508 kr. seldri eigin vinnu við lagfæringar jarðskjálftatjóns sem voru færðar þar til frádráttar. Hagnaður ársins varð 748.387 kr. og eigið fé í árslok því 1.970.309 kr. Af þeirri upphæð eru 587.918 kr. gjafir til sérstakra verkefna og því ekki tækar til hefðbundins rekstrar. Í stofnbúnaði fór mest í tæki til ljósmyndunar á skjölum.

Jarðskjálftinn 29. maí hafði umtalsverð áhrif á starfsemi safnsins þó að ekkert tjón yrði á skjölum. Tíu hjólaskápar skemmdust og varahlutir búrúst ekki fyrr en í lok nóvember. Viðgerð var lokið í desember af starfsmönnum safnsins. Af útlögðum kostnaði í efni og vinnu greiddi SJÓVÁ, sem tryggir innbú safnsins, 95% eða 682.066 kr.

Gestir safnsins urðu 935 og fyrirspurnum og afgreiðslum símleiddis og á neti fjölgar stöðugt. Ekki var sett upp ný sýning á safninu en aðstoð veitt við ýmsar sýningar í héraði. Þá var safnið þátttakandi í sýningu Norræna skjaldagsins á *skjaladagur.is*. Héraðsskjalasafn Árnesinga var með í bæklingnum „Söfn á Suðurlandi“ sem gefinn var út á árinu. Aðföng voru mikil, 75 afhendingar, eins og sjá má í eftirfarandi údrætti. Skjöl frá þeim hreppum, sem nú mynda Flóahrepp, eru þar fyrirferðarmest og einnig úr Grímsnes- og Grafningshreppum. Skráningu þeirra er að mestu lokið. Í afhendingum einkaskjalasafna er hlutfall texta og myndefnis á böndum og geisladiskum stöðugt vaxandi.

Héraðsskjalavörður sótti þing skjalavarða og vestnorræna skjalasafna í Stykkishólmi 15.-18. september. Þar gerði Þorsteinn Tryggvi Másson grein fyrir úttekt á öllum íslenskum héraðsskjalasöfnum, sem hann vann fyrir Þjóðskjalasafn Íslands, og Björn Pálsson héraðsskjalavörður flutti erindi um samskipti héraðsskjalasafna við sveitarfélögin.

Tölverður tími fór í fundi og upplýsingaöflun vegna rannsóknar R3-ráðgjafar á „Stefnumótun í safnamálum fyrir Héraðsnefnd Árnesinga“. Þá var safnið einnig með í ofangreindri úttekt Þjóðskjalasafns Íslands á héraðsskjalasöfnum.

Viðskiptavinum öllum, notendum og gefendum er þakkað samstarfið.

  
héraðsskjalavörður

## OPINBER SKJÖL SVEITARFÉLAGA O.FL.

- 1) ÁRNESPRÓFASTDÆMI, BRÉF, KIRKJUREIKNINGAR O.FL. – séra Úlfar Guðmundsson
- 2) BARNASKÓLI VILLINGAHOLTSHREPPS – Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri
- 3) BÓKASAFN HRUNAMANNA – Áslaug Bjarnadóttir
- 4) EYRARBAKKAHREPPUR, SÁTTANEFND – séra Úlfar Guðmundsson
- 5) FLÓASKÓLI – Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri
- 6) GAULVERJABÆJARHREPPUR – Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri
- 7) GAULVERJABÆJARSKÓLI – Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri
- 8) GRAFNINGSHREPPUR – Ársell Hannesson/Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri
- 9) GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR – Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri
- 10) GRÍMSNESHREPPUR – Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri
- 11) HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉDINN – Jón M. Ívarsson
- 12) HRAUNGERÐISHREPPUR – Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri
- 13) HVERAGERÐISHREPPUR, BARNAVARÐARNEFND – María Kristjánsdóttir félagsmálastjóri
- 14) LEIKSKÓLINN ÁRBÆR – Rannveig Guðjónsdóttir skólastjóri
- 15) LEIKSKÓLINN ÁSHEIMAR – Helga Geirmundsdóttir skólastjóri
- 16) LJÓSAFOSSSKÓLI – Ingvar G. Ingvarsson oddviti
- 17) LÖGREGLAN Í Árnessýslu – Oddur Ámason
- 18) REYKHOLTSSKÓLI Í Bláskógabyggð – Aðalheiður Helgadóttir kennari
- 19) SELFOSSKIRKJA – Þorbjörg Sigurðardóttir og Eysteinn Ó. Jónasson
- 20) SKÓLASKRIFSTOFA SUÐURLANDS – Kristín Hreinsdóttir
- 21) SÓKNARNEFND BÚFELLSKIRKJU – Böðvar Pálsson
- 22) SÓKNARNEFND KOTSTRANDARKIRKJU – séra Jón Ragnarsson
- 23) STOKKSEYRARKIRKJA, BRÉFABÓK, SÓKNARNEFND O.FL. – séra Úlfar Guðmundsson
- 24) VATNSVEITA ÞRIGGJA FLÓAHREPPA – Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri
- 25) SUNDLAUGIN Á STOKKSEYRI/ÁRBORG – Sveinn Úlfarsson sundlaugarvörður
- 26) VILLINGAHOLTSHREPPUR – Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri
- 27) VILLINGAHOLTSKIRKJA – Valdimar Össurason

## SKJÖL EINSTAKLINGA, FÉLAGA OG FYRIRTÆKJA

- 1) BRIDGEFÉLAGIÐ Á SELFOSSI – Kristján M. Gunnarsson
- 2) BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS, HVERAGERÐI – Kristinn Kristjánsson
- 3) DAGSINS ÖNN, KVÍKMYND UM ATVINNUHÆTTI – Kristín Stefánsdóttir
- 4) FRÍMANN EINARSSON – Ólafur Frímansson
- 5) GARÐYRKJÆNDAFÉLAG HVERAGERÐIS – Sigurður Ingimarsson
- 6) GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON BÓKSALI – Viggó Ásgeirsson
- 7) HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉDINN – Jón M. Ívarsson
- 8) INDIANA GUÐLAUGSDÓTTIR, LJÓSMYNDIR – Svanhildur Guðlaugsdóttir
- 9) JÓHANN JÓHANNSON FRÁ HOFI – Inga Lára Baldvinsdóttir
- 10) KJARTAN ÞJÖRNSSON, ÚTVARP SUÐURLAND VIÐTÖL – Kjartan Björnsson
- 11) KÓPSVATN Í HRUNAMANNAHREPPI – Magnús Jónsson
- 12) KRISTINN ÖGMUNDSSON – Kolbeinn Ingi Kristinsson
- 13) KVENFÉLAG HRAUNGERÐISHREPPS – Margrét Einarisdóttir
- 14) KVENFÉLAG VILLINGAHOLTSHREPPS – Halla Aðalsteinsdóttir
- 15) LEIKFÉLAG SELFOSS – Stjórn félagsins
- 16) LOUISA ÓLAFSDÓTTIR, LJÓSMYNDIR – Kristín B. Jóhannesdóttir
- 17) MINNINGARSJÓÐUR BISKUPSTUNGNA – Svavar Sveinsson
- 18) SAMVINNUFÉLAG STOKKSEYRAR – Bæjarbókasafn Ölfuss
- 19) SKEGGJASTAÐIR Í HRAUNGERÐISHREPPI – Margrét Halldórsdóttir og Sigríður Guðjónsdóttir
- 20) STEFÁN JASONARSON – Unnur Stefánsdóttir
- 21) STÚKAN NÝJARS DAGURINN – Ragnheiður Ásta Pétursdóttir
- 22) SVEITARPRYÐI, SÖFNUNARSJÓÐUR – Böðvar Pálsson
- 23) SYÐRA-LANGHOLT Í HRUNAMANNNAHREPPI – Sigurður Sigmundsson
- 24) TÓMAS GUÐMUNDSSON – séra Tómas Guðmundsson
- 25) TRYGGVASKÁLI – Jón M. Ívarsson
- 26) UNGMENNAFÉLAGIÐ HVÖT Í GRÍMSNESI – Böðvar Pálsson
- 27) ÚLFAR GUÐMUNDSSON, LJÓSMYNDIR – séra Úlfar Guðmundsson
- 28) ÚLFJÓTSVATN Í GRAFNINGI – Áslaug Herdís Úlfsdóttir
- 29) VEIÐIFÉLAG ÁRNESINGA – Gunnar Gunnarsson

# HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

Netfang heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is

## Opnunartími

mánudaga og föstudaga kl. 13:00 - 17:00

þriðjudaga og fimmtudaga kl. 10:00 - 17:00

### Stjórn safnsins

Hróðný Hanna Hauksdóttir, stjórnarformaður

Páll Stefánsson, varaformaður

Tryggvi Steinarsson, ritari

### Starfsmenn

Björn Pálsson, héraðsskjalavörður

bjorn@heradsskjalasafn.is

Porsteinn Tryggvi Másson, skjalavörður

thorsteinn@heradsskjalasafn.is

## Rekstartýfirlit ársins 2008

	2008	Áætlun	2007
<i>Rekstartekjur:</i>			
Héraðsnefnd Árnésinga	10.330.000	10.930.000	10.329.000
Þjóðskjalasafn Íslands	1.000.000	800.000	800.000
Sparisjóður Suðurlands, gjöf	200.000	0	0
Seld þjónusta	696.800	250.000	378.550
Fjármagnstekjur	155.523	0	94.276
Samtals	<b>12.382.323</b>	<b>11.980.000</b>	<b>11.601.826</b>

### Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	9.089.758	9.325.000	8.610.962
Annar rekstrarkostnaður	2.431.450	2.255.000	2.449.972
Jarðskjálftatjón/launabætur	( 311.508)	0	0
Stofnbúnaður	424.236	400.000	354.194
Samtals	<b>11.633.936</b>	<b>11.980.000</b>	<b>11.415.128</b>

Hagnaður / (Tá) ársins **748.387** **186.698**

Breyting á handbæru fé	761.519		176.987
Handbært fé í ársbyrjun	1.223.334		1.046.347
Handbært fé í árslok	<b>1.984.953</b>		<b>1.223.334</b>